



FS: Efnisvinnslusvæði í Álfsnesvík, breyting á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, aðalskipulagi Reykjavíkur og nýtt deiliskipulag
Bréf: Bréf

Eigandi skjals: Kristín L. Ólafsdóttir
Staða: Í vinnslu
Dagsetningar:
Búið til: 03.09.2019
Dagsetning skjals: 30.08.2019

Upplýsingar um viðskiptavin:
Netfang: "Árný Sigurðardóttir"
<arny.sigurdardottir@reykjavik.is>

Notandi: "Árný Sigurðardóttir" <arny.sigurdardottir@reykjavik.is>
Dagsetning: 30.8.2019 13:20:49
Til: "Svava Svanborg Steinarsdóttir" <svava.s.steinarsdottir@reykjavik.is>, "Kristín Lóa Ólafsdóttir" <kristin.loa.olafsdottir@reykjavik.is>, "Guðjón Ingi Eggertsson" <Gudjon.Ingi.Eggertsson@reykjavik.is>
Efni: FS: Efnisvinnslusvæði í Álfsnesvík, breyting á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, aðalskipulagi Reykjavíkur og nýtt deiliskipulag

Frá: Helena Stefánsdóttir <Helena.Stefansdottir@reykjavik.is>

Sent: föstudagur, 30. ágúst 2019 08:33

Til: kjos@kjos.is; kopavogur@kopavogur.is; skipulag@kopavogur.is; hafnarfjordur@hafnarfjordur.is; mos@mos.is; postur@seltjarnarnes.is; gardabaer@gardabaer.is; Samtök sv.félaga á hb.svæðinu (ssh@ssh.is) <ssh@ssh.is>; olfus@olfus.is; blaskogabyggd@blaskogabyggd.is; hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is; Heilbrigðiseftirlit <heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is>; ust@ust.is; 'vegagerdin@vegagerdin.is' <vegagerdin@vegagerdin.is>; hofnin@faxaports.is; hildur@faxafloahafnir.is; bjorn.halldorsson@sorpa.is; Sara Ósk Rodriguez Svönudóttir <Sara.Osk.Rodriguez.Svonudottir@reykjavik.is>; Miðgarður <midgardur@reykjavik.is>; Sigþór Magnússon <Sigthor.Magnusson@rvkskolar.is>; Árný Sigurðardóttir <arny.sigurdardottir@reykjavik.is>; eftirlit@eftirlit.is; Minjastofnun Íslands <postur@minjastofnun.is>; Guðbrandur Benediktsson <gudbrandur.benediktsson@reykjavik.is>; Anna Lía Guðmundsdóttir <anna.lisa.gudmundsdottir@reykjavik.is>; 'ni@ni.is' <ni@ni.is>; samgongustofa@samgongustofa.is; os@os.is; or@or.is; veitur@veitur.is; office@vedur.is; Óli Jón Hertervig <oli.jon.hertervig@reykjavik.is>; olvir89@gmail.com; olvir@holta.is
Afrit: Hrafnkell Á. Proppé' <hrafnkell@ssh.is>; 'Sandra Björgvinsdóttir' <sandra@ssh.is>; Gunnar Hersveinn Sigursteinsson <gunnar.hersveinn@reykjavik.is>; hrafnhildur@alta.is; Haraldur Sigurðsson <haraldur.sigurdsson@reykjavik.is>

Efni: Efnisvinnslusvæði í Álfsnesvík, breyting á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, aðalskipulagi Reykjavíkur og nýtt deiliskipulag

Góðan daginn,

Það tilkynnist hér með að breyting á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 og Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, **efnisvinnslusvæði í Álfsnesvík**, er nú til kynningar sbr. 24 gr. og 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, ásamt umhverfisskýrslu sbr. lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana ásamt nýju deiliskipulagi fyrir Álfsnesvík sbr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, ásamt umhverfisskýrslu sbr. lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Athugasemdafrestur er til 11. október nk.

Gögnin eru aðgengileg á vef SSH, ssh.is/svaedisskipulag og á vef Reykjavíkurborgar, reykjavik.is/skipulag-i-kynningu og adalskipulag.is

Sjá tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur:

https://reykjavik.is/sites/default/files/a1234-089-u02-ar2030-ask-alfsnesvik-tillaga-auglysin_g.pdf

Sjá tillögu að nýju deiliskipulagi:

https://reykjavik.is/sites/default/files/a1234-054-u01_uppdrottur_deiliskipulag_fyrir_athaf_nalod_bjorgunar_a_alfsnesi.pdf

Sjá tillögu að breytingu á svæðisskipulagi:

https://reykjavik.is/sites/default/files/a1234-088-u03-svaedisskipulag-vaxtarmorkalfsnes-till_aga-i-auglysinu.pdf

Sjá greinargerð:

https://reykjavik.is/sites/default/files/a1234-053-u02_greinargerð_deiliskipulag_fyrir_idna_darsvaedi_a_alfsnesi.pdf

Sjá umhverfisskýrslu:

<https://reykjavik.is/sites/default/files/a1234-084-u02-alfsnes-umhverfisskyrsla-auglysing.pdf>

Kveðja,
Helena Stefánsdóttir
Reykjavíkurborg - umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa skipulagsfulltrúa
Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík
Sími: 411-1111 - Netfang: skipulag@reykjavik.is

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.



Umhverfis- og skipulagssvið - Skipulagsfulltrúi
Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. október 2019
Tilvísun: 2019090028

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um breytingu á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 og Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, efnisvinnslusvæði í Álfsnesvík ásamt nýju deiliskipulagi fyrir Álfsnesvík.

Vísað er til tölvubréfs Umhverfis- og skipulagssviðs dags. 30. ágúst 2019 þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um breytingu á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 og Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, efnisvinnslusvæði í Álfsnesvík ásamt nýju deiliskipulagi. HER hefur farið yfir þau gögn sem vísað er til og gerir eftirfarandi umsögn.

HER hefur á fyrri stigum gefið umsagnir um fyrirhugaðar breytingar á skipulagi.

Í gögnum málsins kemur fram að á lóð Björgunar verði rými fyrir tvö setlón, öðru minna þar sem seti verði landað og stærra lóni sem á að taka við afrennsli frá því. Miðað er við að ný lóð í Álfsnesi verði jafnstór lóðinni sem Björgun hefur nú til umráða við Sævarhöfða en á núverandi staðsetningu hefur orðið mikil set- og gruggmyndun og ekki verið hægt að tryggja hreinsun á því landrými sem þar er til staðar. HER telur að gera þurfi grein fyrir hvernig brugðist verði við ef lónin tvö duga ekki til, þ.e. ef gruggmyndun verður meiri en búist var við og á það bæði við á framkvæmdatíma og þegar vinnsla er komin í gang. Skýrt þarf að vera að nægt rými verði fyrir fleiri lón eða aðrar lausnir ef til þarf.

Þá vill HER benda á að í gögnum kemur fram að áhrif starfseminnar á loftgæði og hljóðvist séu óverulega neikvæð. HER telur að aukin umferð og þungaflutningar geti haft meiri áhrif en talið er og að betur þurfi að greina þau áhrif. Einnig bendir HER á skoða þurfi betur staðbundin áhrif hávaða á íbúa í Víðinesi bæði á framkvæmdatíma og þegar vinnsla er hafin. Athuga þarf að þó að hávaði sé innan marka fyrir iðnaðarsvæði gilda önnur hávaðamörk við íbúðasvæði og einnig þarf að horfa til 7. gr. í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða og meta hvaða áhrif langvarandi ónæði getur haft. Ekki er nóg að horfa eingöngu á viðmiðunarmörk reglugerðarinnar. HER ítrekar einnig að skoða þarf að hávaði frá starfseminni getur magnast upp við endurkast í Esjuhlíðum eins og raunin er með hávaða frá nærliggjandi skotvöllum. Ónæði gæti því orðið meira en gert er ráð fyrir með hefðbundnum útreikningum á dreifingu hávaða.



HER telur einnig að lítið sé gert úr fohættu og kemur m.a. fram að áhrif vegna foks verði óveruleg. HER bendir á að upp hafa komið vandamál á núverandi vinnslusvæði Björgunar vegna foks úr efnishaugum. Athuga verður að við langvarandi þurrkatímabil eins og sl. sumar getur verið þörf á reglubundinni vökvun á efnishaugum og þarf að koma fram hvernig eigi að standa að því. HER bendir á að í næsta nágrenni við fyrirhugað framkvæmdasvæði er Víðines þar sem í dag er félagslegt leiguhúsnaði auk þess sem starfsstöðvar ýmissa fyrirtækja eru þar í kring. Fok frá svæði Björgunar gæti ollið óþægindum og ónæði á þessum stöðum.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Kristín Lóa Ólafsdóttir
heilbrigðisfulltrúi